

Hér er svolítið uppfærð tillaga að útfærslu a) frístundalóða á Flötum og b) íbúðarlóða (og lóða fyrir verslun og þjónustu) í landi Réttarholts.

- A. Frístundalóðir á Flötum. Á svæðinu er gert ráð fyrir 15 nýjum lóðum á stærðarbilinu 0,5 – 0,65ha. Útfærslan verði þannig að hún trufla sem minnst eldri byggð.
- B. Íbúðarlóðir. Í þessari útfærslu er gert ráð fyrir 8 íbúðarlóðum (E1) í tveimur stærðarflokkum; 4 lóðum um 2 ha að stærð og 4 sem eru um 1 ha að stærð. Auk þess er gert ráð fyrri tveimur 2 ha lóðum fyrir verslunar- og ferðaþjónustu (E2), þessar lóðir geta einnig verið skilgreindar sem íbúðarlóðir þar sem einnig verði ákveðnar heimildir fyrir ferðaþjónustutengda starfsemi. Byggingarreitir þessara lóða geta verið nær Þjórsárdalsvegi en 100m (eins og þeir eru á tillögunni), mættu vera í 50 m fjarlægð. Handhafar þessara lóða gætu hugsanlega einnig fengið íbúðarlóð (á þessu svæði eða í Árnesi) ef hugmyndir um uppbyggingu eru miklar.

Varðandi vegtengingu kemur til greina að sleppa tengingu við Gnúpverjaveg og hafa í staðinn tengingu til vesturs að Árnesi.

Þessar skipulagshugmyndir þurfa síðan að endurspeglast í aðalskipulagstillögunni sem við erum að klára.